



Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar

Samantekt úr Skólapúlsinum

Fyrsti þriðjungur nemenda í 6.-10. bekk svaraði Skólapúlsinum í september. Næst verður svarað í janúar og síðasti hópurinn svarar í maí. Skólapúlsinn er mikilvæg leið til að meta skólastarfið og hvernig nemendum okkar líður í skólanum.

Niðurstöður voru að mörgu leyti góðar en alltaf er eitthvað sem má bæta.

Yfirþátturinn Líðan og heilsa kom best út og má þar nefna að vellíðan kom sérstaklega vel út og mældust nemendur GH marktækt yfir landsmeðaltali. Einelti mælist töluvert undir landsmeðaltali.

Á yfirþættinum Skóla og bekkjarandi mælist samsömun við nemendahópinn marktækt yfir landsmeðaltali en agi í tímum og virk þátttaka nemenda í tímum mælast marktækt undir landsmeðaltali. Þessar tvær niðurstöður eru þó mjög bekkjarskiptar, þ.e. flestir bekkir koma ágætlega út en svo eru bekkir þar sem niðurstaðan er afgerandi slæm. Farin er af stað vinna í tengslum við þá bekk þar sem niðurstaðan var ekki nógu góð.

Á yfirþættinum Virkni nemenda í skólanum hækka undirþættirnir ánægja af lestri, þrautseigja í námi og ánægja af náttúrufræði á milli ára en áhuga á stærðfræði og trú á eigin námsgetu standa í stað.



Viðburðir

- Foreldraviðtöl 24.október
- 27.-28.október Vetrarfrí
- 31.október Hrekkjavaka



Mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra

Það að eiga barn í grunnskóla hefur ekki aðeins mikil áhrif á líf barnsins heldur allrar fjölskyldunnar. Að vera skólaforeldri er ekki meðfæddur hæfi-leiki heldur þarf, líkt og með öll önnur hlutverk, að lærast. Það er heldur ekki til nein ein rétt uppskrift að skólaforeldri, ekkert fremur en að vera for-eldri. Við erum fyrst og fremst mannleg, höfum mismunandi reynslu, viðhorf og væntingar, styrkleika og veikleiks. Hér eru hinsvegar nokkur mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra.

Kenndu barninu þínu að takast á við áskoranir

- Kenndu barninu þínu að líta á mistök sem tækifæri til að læra af
- Kynntu þér námsmarkmið barnsins þíns
- Hafðu réttmætar væntingar til barnsins þíns um námsárangur og samskipti
- Hlustaðu á barnið þitt
- Talaðu af virðingu um skólafélaga barns þíns og foreldra þeirra
- Hjálpaðu barninu þínu til að leysa þau vandamál sem eru á færi þess að leysa
- Leitaðu skýringa í skólanum ef efasemdir vakna um nám og/eða velferð barns þíns
- Líttu á skólann sem mikilvægan samstarfsaðila og leggðu þitt af mörkum í samstarfinu
- Leggðu þig fram um að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við aðra skólaforeldra
- Sýndu námi barns þíns áhuga og veittu því stuðning
- Talaðu jákvætt um menntun og skóla barnsins
- Hafðu réttmætar væntingar til skólans
- Hjálpaðu barninu þínu að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn
- Vertu góð fyrirmynd

„Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra“ (Kritín 9. september 2015)





Littupp.is

Littupp er vitundarvakning til barna, ungmenna og fullorðinna að staldra við og taka þátt í lífinu í kring. Nýlega var haldið málþing varðandi þetta málefni og hvetjum við fullorðna, börn og ungmenna að kynna sér efni littupp!


<https://littupp.is/>



GAGNVIRKUR LESTUR

LEIÐ TIL AÐ EFLA LESSKILNING

Eftirfarandisamantekterætluðforeldrum/ forráðamönnumsem vilja styðja við lesskilning barna sinna með því að nota gagnvirkan lestur.



Athugið: Stundum getur verið skynsamlegt að kenna barninu eingöngu að vinna með einn þátt í senn. Hér má t.d. byrja á samantektinni og bæta síðan öðrum þáttum við einum af öðrum. Í lokin er svo unnið með alla þættina.

HREKKJAVAKA 2025

Foreldrafélag Grunnskóla Hornafjarðar langar að bjóða íbúum að skrá heimili sín á lista, þar sem allskyns furðuverum er boðið að banka uppá og fá eitthvað gott í pokann sinn, á sjálfan Hrekkjavökudaginn, föstudaginn 31. október.

Þu getur skráð heimilisfangið þitt með því að senda okkur tölvupóst á fghofn@gmail.com. Skráningar eru til 30. október og verður listinn svo birtur 31. október.

Gengið verður í hús milli 17 og 19

Foreldrar eru beðnir um
að fylgja yngri börnunum.

Viðt vonumst til þess að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í þessari skemmtilegu hefð sem skapast hefur hér á Höfn. Ekki skemmir fyrir ef húsin eru skreytt.

HALLOWEEN 2025

The parents' association, would like to invite the residents of Höfn to register their homes on a list, where all kinds of strange creatures are invited to trick or treat, on Halloween itself, Friday, October 31st.

You can register your house on our e-mail:
fghofn@gmail.com until October 30st.

We will then publish the list on Friday, October 31, and the children can then go to those houses, between 17 and 19

**Parents are requested
to accompany younger children.**

We hope that as many people as possible will participate in this fun tradition which has developed here in Höfn. It would be a fun addition if the houses were decorated